

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1334 2022/EES/72/38

frá 27. maí 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar óbeinar tilvitnanir til lögheita brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um hvernig skal sýna óbeinar tilvitnanir í lögheiti flokka brenndra drykkja eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki í kynningu eða merkingu áfengra drykkja.
- 2) Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess ekki krafist að heiti áfenga drykkjarins sem verður til sé birt á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin. Ef heiti áfenga drykkjarins birtist á öðru sjónsviði en óbeina tilvitnunin getur það valdið því að neytendur telji að óbeina tilvitnunin sé hluti af heiti áfenga drykkjarins, einkum ef áfengi drykkurinn sem verður til er brenndur drykkur.
- 3) Enn fremur geta slíkar óbeinar tilvitnanir í tilteknum tilvikum leitt til óþarfa misnotkunar á orðspori flokka brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga sem, þegar þau eru sett saman við önnur matvæli sem ekki er þörf á eða eru ekki leyfð í framleiðslu þeirra, missa eðli sitt og mega ekki lengur vera merkt sem slík. Ef þessi heiti eru birt með áberandi hætti í kynningunni og merkingunni á brennda drykkjum með óbeinni tilvitnun til þeirra getur það því leitt til óréttmætrar nýtingar á orðspori þeirra.
- 4) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽²⁾ er þess krafist að matvælaupplýsingar séu ekki villandi, einkum að því er varðar eðli og auðkenni matvæla. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að gefa skuli upp lögboðnar matvælaupplýsingar, þ.m.t. heiti matvæla, og í 13. gr. reglugerðarinnar er þess krafist að lögboðnar upplýsingar séu settar á áberandi stað og þannig að þær séu auðsjáanlegar, auðlæsilegar og, þegar það á við, óafmáanlegar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

- 5) Í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 gilda kröfur er varða kynningu og merkingu sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 um áfenga drykki sem verða til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla. Til að tryggja að þessar kröfur verði uppfylltar á sem bestan hátt, einkum að því er varðar brennda drykki með óbeina tilvitnun til annarra brenndra drykkja, þykir rétt að krefjast þess að lögheiti brennda drykkjarins sem verður til birtist á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin til brennds drykkjar. Slíkt ætti að vera gert í hvert skipti sem óbein tilvitnun er tilgreind í lýsingu, kynningu eða merkingu á brenndum drykk. Þetta mun koma í veg fyrir blekkjandi aðferðir og tryggja að neytendur séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt varðandi raunverulegt eðli brennda drykkjarins sem verður til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.
- 7) Kveða ætti á um umbreytingartímabil að því er varðar beitingu ákvæðanna um merkingu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að gera það kleift að setja brennda drykki, sem eru merktir fyrir 31. desember 2022 í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ⁽³⁾, á markað án þess að gerð sé krafa um endurmerkingu þeirra.
- 8) Í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að koma í veg fyrir reglusetningarlegt tómarúm ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkta frá og með 25. maí 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 kemur eftirfarandi:

„4. Óbeinu tilvitnanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu:

- a) ekki vera í sömu línu og heiti áfenga drykkjarins,
- b) birtast í leturstærð sem er ekki stærri en hálf sú leturstærð sem er notuð fyrir heiti áfenga drykkjarins og, ef samsett hugtök eru notuð, í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir slík samsett hugtök, í samræmi við c-lið 3. mgr. 11. gr. og
- c) ef um er að ræða óbeinar tilvitnanir í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, standa ásamt lögheiti brennda drykkjarins, sem skal birtast saman á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin.“

2. gr.

Halda má áfram að setja á markað brennda drykki sem ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir í c-lið 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, en uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 110/2008 og voru merktir fyrir 31. desember 2022, þangað til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjttð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
